



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn um innleiðingu tillögu Sósíalistaflokks Íslands um menningarkort fyrir öryrkja.

Þann 6. október 2021 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um innleiðingu tillögu um menningarkort fyrir öryrkja:

Breytingartillaga við tillögu Sósíalistaflokks Íslands um menningarkort til öryrkja var samþykkt á fundi velferðarráðs 05.02.2020. Í tillögunni var lagt til að öryrkjar gætu fengið menningarkort á sölustöðum þess gjaldfrjálst framvísi þeir staðfestingu á örorku, svokölluðu örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins. Kostnaðurinn sem til fellur er einungis vegna útgáfu korta sem er samkvæmt menningar- og ferðarmálsviði 750 krónur per kort og er velferðarsviði falið að útfæra fyrirkomulag varðandi það í samvinnu við menningar- og ferðamálasvið. Er þetta fyrirkomulag byrjað? Og ef svo er, er hægt að auglýsa það betur?

Svar:

Þann 5. febrúar 2020 var tillaga Sósíalistaflokks Íslands lögð fram á fundi velferðarráðs ásamt umsögn sviðsins.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð leggur til að öryrkjar geti fengið menningarkort á sölustöðum þess gjaldfrjálst framvísi þeir staðfestingu á örorku, svokölluðu örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins. Öryrkjar fá nú þegar aðgang að söfnum borgarinnar gjaldfrjálst og því er kostnaðaraukinn óverulegur eða einungis útgáfa kortanna. Með þessu viljum við gera það auðveldara fyrir öryrkja að sækja söfn borgarinnar og njóta þeirra menningarverðmæta sem í því felast. Kostnaðurinn sem til fellur er einungis vegna útgáfu korta sem er samkvæmt menningar og ferðarmálsviði 750 krónur per kort og er velferðarsviði falið að útfæra fyrirkomulag varðandi það í samvinnu við menningar og ferðamálasvið. Nú þegar geta öryrkjar með sama hætti fengið sundkort í sundlaugum borgarinnar og bókasafnskort á bókasöfnunum.

Staðan í dag er sú að menningar- og ferðamálasvið er með útfærsluna til skoðunar og reiknað er með að þetta komist til framkvæmda um mánaðamótin maí-júní 2022. Menningarkortin verða kynnt þegar útgáfa kortanna er komin til framkvæmdar.

Frá því að umsögn sviðsins var lögð fram í október 2020 hafa póstburðargjöld hækkað sem og kostnaður við útgáfu korta. Áætlaður kostnaður eru um 6,8 m.kr. en var áætlaður um 5,5 m.kr. árið 2020 en þá var gert ráð fyrir að 7000 öryrkjar fengju kort.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umrædd tillaga velferðaráðs kemst til framkvæmda.